

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 29. júní 1999.

Árni M. Mathiesen.

Þorsteinn Geirsson.

REGLUGERÐ

um veiðieftirlit á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC).

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til íslenskra skipa sem veiðar stunda á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC), utan lögsögu ríkja. Þá tekur reglugerðin til veiða innan lögsögu ríkja, lúti veiðar á viðkomandi tegundum stjórn NEAFC um leyfilegan hámarksafla. Reglugerð þessi lýtur að framkvæmd samkomulags milli aðildarríkjanna frá 20. nóvember 1998, um eftirlit með veiðum á samningssvæðinu.

2. gr.

Íslenskum fiskiskipum er óheimilt að stunda veiðar á samningssvæði NEAFC, sbr. 1. gr., án sérstaks leyfis Fiskistofu, að undanskildum veiðum á túnfiski.

3. gr.

Auk þess að halda afladagbók samkvæmt almennum reglum skal halda sérstaka afladagbók um veiðar á NEAFC-svæðinu, sem Fiskistofa leggur til. Afladagbókin skal innbundin með númeruðum síðum. Skal Fiskistofa hafa yfirlit yfir hvaða síðunúmer eru í bókum sem ætlaðar eru til notkunar í hverju skipi. Óheimilt er að fjarlægja síður úr bókum.

Í afladagbókina skal færa eftirfarandi atriði:

1. Kallmerki.
2. Nafn skips.
3. Skipaskrárnúmer.
4. Umdæmisnúmer.

Við hverja komu inn á samningssvæði skal skrá:

1. Dagsetningu.
2. Tíma.
3. Staðsetningu í lengd og breidd.
4. Heildarafla upp úr sjó um borð eftir magni og tegundum.

Daglega skal skrá:

1. Dagsetningu.
2. Veiðarfæri.
3. Fjöldi toga eða kasta.
4. Veiðisvæði samkvæmt reitakerfi ICES.
5. Dagsafla upp úr sjó eftir magni og tegundum.
6. Heildarafla upp úr sjó um borð eftir magni og tegundum.

Við hverja brottför af samningssvæðinu skal skrá:

1. Dagsetningu.
2. Tíma.
3. Staðsetningu í lengd og breidd.
4. Heildarafla upp úr sjó um borð eftir magni og tegundum.

Ef afli er unninn um borð, skal skrá daglega:

1. Magn unninna afurða eftir tegundum og vinnsluaðferð/pakkningum.
2. Heildarmagn unninna afurða eftir tegundum og vinnsluaðferð/pakkningum.

Þegar tilkynningar eru sendar sbr. 6. gr. skal skrá dagsetningu og tíma þegar sent er og strandstöð sem sent er um, sé tilkynningin ekki send með öðrum hætti.

Allar færslur skv. þessari grein skulu vera í samræmi við leiðbeiningar í bókinni.

4. gr.

Allar tilkynningar sem skylt er að senda samkvæmt reglugerð þessari skal senda á tölvutæku formi sameiginlegri eftirlitsstöð Landhelgisgæslunnar og Fiskistofu sem miðlar gögnum til þeirra stofnana sem við á. Í reglugerð þessari er hún nefnd „eftirlitsstöð.“

Tilkynningar skulu sendar með þeim hætti sem lýst er í viðauka I (uppbygging skeyta).

5. gr.

Öll skip sem stunda veiðar á samningssvæðinu skulu eigi síðar en 1. janúar 2000, búin fjarskiptabúnaði, sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til eftirlitsstöðvarinnar um staðsetningu viðkomandi skips á klukkustundar fresti. Óheimilt er að hefja veiðiferð fyrr en Fiskistofa staðfestir, að fenginni umsögn Landhelgisgæslunnar, að ofangreindur búnaður sé um borð og starfi eðlilega. Skulu sendingar samkvæmt ofangreindu hefjast þegar viðkomandi skip lætur úr höfn og skal þeim ekki ljúka fyrr en skipið kemur til hafnar að nýju til löndunar afla.

Ef búnaður til sjálfvirkra sendinga skv. 1. mgr. bilar, skal gert við hann svo fljótt sem mögulegt er, þó eigi síðar en að 30 dögum liðnum. Þar til búnaðurinn verður kominn í lag skal senda á annan hátt upplýsingar um staðsetningu skipsins á 6 klukkustunda fresti til eftirlitsstöðvarinnar. Ennfremur skal tilkynna þegar skipið hefur veiðar og lýkur þeim.

6. gr.

Öll skip sem veiðar stunda á samningssvæðinu skulu senda eftirgreindar tilkynningar til eftirlitsstöðvarinnar:

Komutilkynning: Skylt er skipstjóra skips að tilkynna til eftirlitsstöðvarinnar með ekki meira en 12 klukkustunda og að minnsta kosti 6 klukkustunda fyrirvara að það fari inn á viðkomandi samningssvæði til veiða.

Í tilkynningunni komi fram eftirfarandi upplýsingar:

1. Kóði viðtakanda: „ISL“ fyrir íslensku eftirlitsstöðina.
2. Raðnúmer skeytisins.
3. Kóði fyrir tegund skeytisins: „ENT“ sem komutilkynning.
4. Kóði fyrir það veiðisvæði sem fara á inn á: „NEA“ fyrir NEAFC- samningssvæðið.
5. Kallmerki skipsins.
6. Númer veiðiferðar.
7. Nafn skipsins.
8. Skipaskrárnúmer.
9. Umdæmisnúmer.

10. Staðsetning skipsins í gráðum og heilum mínútum.
11. Áætlað aflamagn um borð í kg, fært að næstu 100 kg miðað við afla upp úr sjó, sundurliðað eftir tegundum.
12. Dagsetning og tími.

Um leið og skipið fer inn á samningssvæðið skal senda til eftirlitsstöðvarinnar **tilkynningu um staðsetningu**. Í tilkynningunni komi fram eftirfarandi upplýsingar:

1. Kóði viðtakanda: „ISL“ fyrir íslensku eftirlitsstöðina.
2. Raðnúmer skeytisins.
3. Kóði fyrir tegund skeytisins: „POS“ sem tilkynning um staðsetningu.
4. Kóði fyrir það veiðisvæði sem fara á inn á: „NEA“ fyrir NEAFC-samningssvæðið.
5. Kallmerki skipsins.
6. Staðsetning skipsins í gráðum og heilum mínútum.
7. Dagsetning og tími.

Afltilkynning: Hvern mánudag skal tilkynna eftirlitsstöðinni um heildarafla síðustu viku, þ.e. frá upphafi síðasta mánudags til loka síðasta sunnudags, miðað við afla upp úr sjó, sundurgreindan eftir tegundum. Í tilkynningunni komi fram eftirfarandi upplýsingar:

1. Kóði viðtakanda: „ISL“ fyrir íslensku eftirlitsstöðina.
2. Raðnúmer skeytisins.
3. Kóði fyrir tegund skeytisins: „CAT“ sem aflatilkynning.
4. Kóði fyrir það veiðisvæði sem aflatilkynningin á við: „NEA“ fyrir NEAFC-samningssvæðið.
5. Kallmerki skipsins.
6. Númer veiðiferðar.
7. Staðsetning skipsins í gráðum og heilum mínútum (þarf ekki ef skipið er í sjálfvirku gervihnattaeftirliti).
8. Vikuaflamagn í kg, fært að næstu 100 kg miðað við afla upp úr sjó, sundurliðað eftir tegundum.
9. Fjöldi veiðidaga frá upphafi veiða eða frá síðustu aflatilkynningu.
10. Dagsetning og tími.

Lokatilkynning: Þegar veiðiskip yfirgefur samningssvæðið skal það tilkynnt eftirlitsstöðinni með ekki meiri en 8 klukkustunda og að minnsta kosti 6 klukkustunda fyrirvara. Jafnframt skal í tilkynningu tilgreindur áætlaður heildaraflí frá því að veiðar hófust, eða frá síðustu viku aflatilkynningu miðað við afla úr sjó, aðgreindan eftir tegundum og einnig löndunarhöfn. Í tilkynningunni komi fram eftirfarandi upplýsingar:

1. Kóði viðtakanda: „ISL“ fyrir íslensku eftirlitsstöðina.
2. Raðnúmer skeytisins.
3. Kóði fyrir tegund skeytisins: „EXI“ sem lokatilkynning.
4. Kóði fyrir það veiðisvæði sem aflatilkynningin á við: „NEA“ fyrir NEAFC-samningssvæðið.
5. Kallmerki skipsins.
6. Númer veiðiferðar.
7. Staðsetning skipsins í gráðum og heilum mínútum (þarf ekki ef skipið er í sjálfvirku gervihnattaeftirliti).
8. Vikuaflamagn í kg, fært að næstu 100 kg miðað við afla upp úr sjó, sundurliðað eftir tegundum.
9. Fjöldi veiðidaga frá upphafi veiða eða frá síðustu aflatilkynningu.

10. Löndunarhöfn.
11. Dagsetning og tími.

Um leið og skipið fer út af samningssvæðinu skal senda til eftirlitsstöðvarinnar **tilkynningu um staðsetningu**. Í tilkynningunni komi fram eftirfarandi upplýsingar:

1. Kóði viðtakanda: „ISL“ fyrir íslensku eftirlitsstöðina.
2. Raðnúmer skeytisins.
3. Kóði fyrir tegund skeytisins: „POS“ sem tilkynning um staðsetningu.
4. Kóði fyrir það veiðisvæði sem skipið fer af: „NEA“ fyrir NEAFC-samningssvæðið.
5. Kallmerki skipsins.
6. Staðsetning skipsins í gráðum og heilum mínútum.
7. Dagsetning og tími.

Varðandi nánari skráningu upplýsinga og tilkynninga samkvæmt þessari grein vísast til Viðauka II við reglugerð þessa.

7. gr.

Um vigtun afla gilda ákvæði reglugerðar nr. 522/1998, um vigtun sjávaraflla. Óheimilt er að flytja óvigttaðan afla um borð í flutningaskip eða önnur veiðiskip. Heimilt er þó skipum sem stunda veiðar á uppsjávartegundum, að miðla afla úr veiðarfærum milli veiðiskipa í því skyni að koma í veg fyrir að fiski sé sleppt dauðum úr veiðarfærum.

8. gr.

Skylt er skipstjórum skipa sem stunda veiðar á samningssvæðinu eða hafa stundað veiðar þar, að veita aðstoð sína til þess að eftirlitsmenn samningsríkja NEAFC, sem sýnt geta fram á með skilríkjum að þeir séu til þess bærir, geti komist um borð í veiðiskip sé eftir því leitað.

Er skipstjóra viðkomandi skips skylt að sjá til þess að eftirlitsmönnum sé gert kleift að komast um borð með skjótum og öruggum hætti og skal vera til staðar nauðsynlegur búnaður sem tryggir það.

Skipstjórum er skylt að veita eftirlitsmönnum endurgjaldslaust aðbúnað, starfsaðstöðu og aðstoð sem þeim er nauðsynleg í starfi sínu, m.a. greiðan aðgang að fjarskiptatækjum, staðsetningatækjum og kortum.

Eftirlitsmönnum skal leyft að skoða og mæla veiðarfæri skipsins og afla til að ganga úr skugga um að farið sé eftir reglum þeim er NEAFC hefur sett. Þá skal eftirlitsmönnum gert kleift að skoða skjöl skipsins, skrifa í þau athugasemdir sínar, m.a. um meint brot og gera skýrslu um skoðunina.

9. gr.

Brot á reglugerð þessari og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út á grundvelli hennar, skulu varða viðurlögum samkvæmt III. kafla laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og IV. kafla laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum til þess að öðlast gildi 1. júlí 1999.

Ákvæði til bráðabirgða I

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. er skipum sem stunda veiðar á samningssvæðinu utan lögsögu heimilt til 1. september 1999 að færa þau atriði sem þar eru tilgreind á sérstök eyðublöð sem Fiskistofa leggur til. Skip sem stunda veiðar innan lögsögu haldi afladagbók sbr. 15. gr. laga nr. 38/1990.

Ákvæði til bráðabirgða II

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. er skipum sem stunda veiðar á samningssvæðinu heimilt til 1. janúar 2000 að senda tilkynningar til eftirlitsstöðvarinnar með öðrum hætti en þar greinir, s.s. með skeytum eða símbrefum, þar sem fram komi þau atriði sem tilgreind eru í 6. gr.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 30. júní 1999.

Árni M. Mathiesen.

Þorsteinn Geirsson.

VIÐAUKI I Uppbygging skeyta.

Skeyti sem send eru á tölvulesanlegu formi (North Atlantic Format) eru byggð upp á eftirfarandi hátt:

Tvö skástrik (,/)“ og stafirnir „SR“ tákna upphaf skeytis

,/SR“ er notað sem merki fyrir tölvuna um að nú skuli hefja innlestur gagna.

Tvö skástrik (,/)“ og kóði tákna upphaf hvers atriðis

,/“ og tveggja stafa kóði fyrir atriði er ávallt sent á undan hverju atriði.

Eitt skástrik (,)“ aðskilur kóða og upplýsingar

,)“ skal senda í beinu framhaldi af kóða fyrir atriði og upplýsingarnar beint þar á eftir. Athugið að aldrei er bil milli skástrika og kóða eða upplýsinga.

Pör af upplýsingum eru aðskilin með einu stafabili

Eitt stafabil er notað til aðgreiningar milli kóða þar sem upplýsingar eru sendar í pörum, eins og t.d. varðandi upplýsingar um afla, og magn viðkomandi fiskitegundar. Dæmi: //CA/RED 2500 HAD 1700 COD 3500//,(Kóði næsta atriðis)“. Athugið að ekkert bil á að vera á milli síðustu aflatölu og kóða næsta atriðis á eftir.

Tvö skástrik (,/)“ og stafirnir „ER“ tákna lok skeytis

,/ER“ er notað fyrir tölvuna sem merki um að nú skuli innlestri gagna ljúka.

Kóðar, aðrir en kóðar atriða, til notkunar í skeytasendingum á NEAFC-samningssvæðinu:

Atriði:	Kóði:
<i>Viðtakandi:</i> ISO-3166 einkenni	ISL
<i>Tegundir skeyta:</i> Komutilkynning	ENT
Aflatilkynning	CAT
Lokatilkynning	EXI
Tilkynning um staðarákvörðun	POS
<i>Viðeigandi svæði:</i> Veiðar á NEAFC-samningssvæðinu	NEA
Fisktegundir / veiðarfæri / framleiðsla	Sjá kóða í afladagbók

Dæmi um skeyti:

Íslenska skipið ODDUR, kallmerki TFXX, skipaskrárnúmer 9999, umdæmisnúmer RE-999 heldur til veiða á NEAFC-svæðinu á Reykjaneshrygg. Þetta er fyrsta veiðiferð skipsins á NEAFC-svæðið á árinu. Við komu inn á svæðið eru um borð í skipinu 20 lestir af þorski og 30 lestir af ufsa. Skipið sendir komutilkynningu áður en farið er inn á svæðið (sjá nánar í reglugerð ákvæði um tímatakmarkanir) og er þá statt á 62°08'N 029°18'V.

Komutilkynning:

```
//SR//AD/ISL//SQ/1//TM/ENT//ST/NEA//RC/TFXX//TN/1//NA/ODDUR//
IR/ISL9999//XR/RE-999//LA/N6208//LO/W02918//OB/COD 20000 POK 30000//
DA/19990601//TI/0900//ER
```

Um leið og skipið fer yfir lögsögumörkin við komu inn á svæðið á stað 62°00'N 029°34'V sendir skipið tilkynningu um staðsetningu:

Tilkynning um staðsetningu:

```
//SR//AD/ISL//SQ/2//TM/POS//ST/NEA//RC/TFXX//LA/N6200//LO/W02934//
DA/19990601//TI/1500//ER
```

Skipið stundar veiðar á NEAFC-svæðinu í 10 daga og hefur að kvöldi fyrsta sunnudags eftir að hafa verið 6 daga á svæðinu veitt 30 lestir af karfa og 10 lestir af löngu. Skipið er í sjálfvirku eftirliti og þarf því ekki að senda staðsetningu með aflatilkynningu.

Aflatilkynning:

```
//SR//AD/ISL//SQ/3//TM/CAT//ST/NEA//RC/TFXX//TN/1//LA/N6153//LO/02934//
CA/RED 30000 LIN 10000//DF/6//DA/19990607//TI/1000//ER
```

Skipið heldur af svæðinu þann 10. júní 1999 og hefur þá veitt til viðbótar 25 lestir af karfa og fengið 1,7 lestir af blönduðum afla. Skipið sendir „lokatilkynningu“ áður en farið er út af svæðinu (sjá nánar í reglugerð ákvæði um tímatakmarkanir) og mun landa í

Reykjavík. Skipið er áfram í sjálfvirku eftirliti og þarf því ekki að senda staðsetningu með lokatilkynningu.

Lokatilkynning:

//SR//AD//ISL//SQ/4//TM//EXI//ST//NEA//RC//TFXX//TN/1//LA//N6153//LO//02934//
CA//RED 25000 MZZ 1700//DF/4//PO//REYKJAVIK//DA//19990610//TI//1000//ER

Um leið og skipið fer yfir lögsögumörkin við brottför af svæðinu á stað 62°00'N 029°35'V þann 10. júní 1999 kl. 16:00 sendir skipið tilkynningu um staðsetningu:

Tilkynning um staðsetningu:

//SR//AD//ISL//SQ/5//TM//POS//ST//NEA//RC//TFXX//LA//N6200//LO//W02935//
DA//19990610//TI//1600//ER

VIÐAUKI II
Komu-, afla- og lokatilkynningar

„KOMUTILKYNNING“

Atriði:	Kóði:	Tegund:	Mesta lengd:	Form:	Athugasemdir:
Upphaf skeytis	SR				<i>Kerfisupplýsingar:</i> Gefa til kynna upphaf skeytisins.
Viðtakandi	AD	Texti	3	ISO-3166	<i>Skeytaupplýsingar:</i> Viðtakandi, „ISL“ fyrir Ísland.
Númer skeytis	SQ	Tala	6	1 - 999999	<i>Skeytaupplýsingar:</i> Raðnúmer skeytisins vegna veiða á viðeigandi svæði á yfirstandandi ári.
Tegund skeytis	TM	Texti	3	Kóði	<i>Skeytaupplýsingar:</i> Tegund skeytis „ENT“ sem komutilkynning.
Viðeigandi svæði	ST	Texti	3	Kóði	<i>Skeytaupplýsingar:</i> Kóði fyrir það svæði sem verið er að fara inn á, „NEA“ fyrir NEAFC-samningssvæðið.
Kallmerki	RC	Texti	7	IRCS kóði	<i>Skráningarupplýsingar:</i> Rádiókallmerki skipsins.
Númer veiðiferðar	TN	Tala	3	001 - 999	<i>Athafnaupplýsingar:</i> Raðnúmer veiðiferðar á yfirstandandi ári.
Nafn skips	NA	Texti	30		<i>Skráningarupplýsingar:</i> Nafn skipsins.
Skipaskránumer	IR	Texti Tala	3 9	ISO-3166 + Númer	<i>Skráningarupplýsingar:</i> Einkennismerki ríkis (ISL 12345) og skipaskránumer.
Umdæmisnúmer	XR	Texti	14		<i>Skráningarupplýsingar:</i> Umdæmisnúmer skipsins.
Lengd	LA	Texti	5	NDDMM (WGS-84)	<i>Athafnaupplýsingar:</i> Staðsetning skipsins þegar skeytið er sent.
Breidd	LO	Texti	6	E/WDDMM (WGS-84)	<i>Athafnaupplýsingar:</i> Staðsetning skipsins þegar skeytið er sent.
Afli um borð	OB				<i>Athafnaupplýsingar:</i> Sundurliðaður afli um borð (//OB/COD 2300 HAD 1700 RED 5500).
Tegund		Texti	3	Tegundakóði FAO	Tegundakóði FAO.
Magn		Tala	7	0 - 9999999	Aflamagn upp úr sjó í kg, fært að næstu 100 kg.
Dagur	DA	Tala	8	ÁÁÁÁMMDD	<i>Skeytaupplýsingar:</i> Dagsetning sendingar.
Tími	TI	Tala	4	KKMM	<i>Skeytaupplýsingar:</i> Tími sendingar.
Endir skeytis	ER				<i>Kerfisupplýsingar:</i> Gefa til kynna endi skeytisins.

„AFLATILKYNNING“

Atriði:	Kóði:	Tegund:	Mesta lengd	Form:	Athugasemdir:
Upphaf skeytis	SR				<i>Kerfisupplýsingar:</i> Gefa til kynna upphaf skeytisins.
Viðtakandi	AD	Texti	3	ISO-3166	<i>Skeytaupplýsingar:</i> Viðtakandi, „ISL“ fyrir Ísland.
Númer skeytis	SQ	Tala	6	1 - 999999	<i>Skeytaupplýsingar:</i> Raðnúmer skeytisins vegna veiða á viðeigandi svæði á yfirstandandi ári.
Tegund skeytis	TM	Texti	3	Kóði	<i>Skeytaupplýsingar:</i> Tegund skeytis „CAT“ sem aflatilkynning.
Viðeigandi svæði	ST	Texti	3	Kóði	<i>Skeytaupplýsingar:</i> Kóði fyrir það svæði sem verið er að fara inn á, „NEA“ fyrir NEAFC-samningssvæðið.
Kallmerki	RC	Texti	7	IRCS kóði	<i>Skráningarupplýsingar:</i> Radíókallmerki skipsins.
Númer veiðiferðar	TN	Tala	3	001 - 999	<i>Athafnaupplýsingar:</i> Raðnúmer veiðiferðar á yfirstandandi ári.
Lengd ¹⁾	LA	Texti	5	NDDMM (WGS-84)	<i>Athafnaupplýsingar:</i> Staðsetning skipsins þegar skeytið er sent.
Breidd ¹⁾	LO	Texti	6	E/WDDMM (WGS-84)	<i>Athafnaupplýsingar:</i> Staðsetning skipsins þegar skeytið er sent.
Vikuafli	CA				<i>Athafnaupplýsingar:</i> Sundurliðaður afli síðustu viku eða frá síðasta skeyti.
Tegund		Texti	3	Tegundakóði FAO	(//CA/COD 2300 HAD 1700 RED 5500). Tegundakóði FAO.
Magn		Tala	7	0 - 9999999	Aflamagn upp úr sjó í kg, fært að næstu 100 kg.
Veiðidagar	DF	Tala	3	1 - 365	<i>Athafnaupplýsingar:</i> Fjöldi veiðidaga á samningssvæðinu frá upphafi veiða eða frá síðustu aflatilkynningu.
Dagur	DA	Tala	8	ÁÁÁÁMMDD	<i>Skeytaupplýsingar:</i> Dagsetning sendingar.
Tími	TI	Tala	4	KKMM	<i>Skeytaupplýsingar:</i> Tími sendingar.
Endir skeytis	ER				<i>Kerfisupplýsingar:</i> Gefa til kynna endi skeytisins.

¹⁾ Valfrjáls ef skipið er í sjálfvirku gervihnattaefirliti samkvæmt 5. gr.

„LOKATILKYNNING“

Atriði:	Kóði:	Tegund:	Mesta lengd	Form:	Athugasemdir:
Upphaf skeytis	SR				<i>Kerfisupplýsingar:</i> Gefa til kynna upphaf skeytisins.
Viðtakandi	AD	Texti	3	ISO-3166	<i>Skeytaupplýsingar:</i> Viðtakandi, „ISL“ fyrir Ísland.
Númer skeytis	SQ	Tala	6	1 - 999999	<i>Skeytaupplýsingar:</i> Raðnúmer skeytisins vegna veiða á viðeigandi svæði á yfirstandandi ári.
Tegund skeytis	TM	Texti	3	Kóði	<i>Skeytaupplýsingar:</i> Tegund skeytis „EXI“ sem lokatilkynning.
Viðeigandi svæði	ST	Texti	3	Kóði	<i>Skeytaupplýsingar:</i> Kóði fyrir það svæði sem verið er að fara inn á, „NEA“ fyrir NEAFC-samningssvæðið.
Kallmerki	RC	Texti	7	IRCS kóði	<i>Skráningarupplýsingar:</i> Rádiókallmerki skipsins.
Númer veiðiferðar	TN	Tala	3	001 - 999	<i>Athafnaupplýsingar:</i> Raðnúmer veiðiferðar á yfirstandandi ári.
Lengd ¹⁾	LA	Texti	5	NDDMM (WGS-84)	<i>Athafnaupplýsingar:</i> Staðsetning skipsins þegar skeytið er sent.
Breidd ¹⁾	LO	Texti	6	E/WDDMM (WGS-84)	<i>Athafnaupplýsingar:</i> Staðsetning skipsins þegar skeytið er sent.
Vikuafli	CA				<i>Athafnaupplýsingar:</i> Sundurliðaður afli síðustu viku eða frá síðasta skeyti. (//CA/COD 2300 HAD 1700 RED 5500)
Tegund		Texti	3	Tegundakóði FAO	Tegundakóði FAO.
Magn		Tala	7	0 - 9999999	Aflamagn upp úr sjó í kg, fært að næstu 100 kg.
Veiðidagar	DF	Tala	3	1 - 365	<i>Athafnaupplýsingar:</i> Fjöldi veiðidaga á samningssvæðinu frá upphafi veiða eða frá síðustu aflatilkynningu.
Löndunarahöfn	PO	Texti	20		<i>Athafnaupplýsingar:</i> Höfn þar sem áætlað er að landa aflanum.
Dagur	DA	Tala	8	ÁÁÁÁMMDD	<i>Skeytaupplýsingar:</i> Dagsetning sendingar.
Tími	TI	Tala	4	KKMM	<i>Skeytaupplýsingar:</i> Tími sendingar.
Endir skeytis	ER				<i>Kerfisupplýsingar:</i> Gefa til kynna endi skeytisins.

¹⁾ Valfrjálst ef skipið er í sjálfvirkri gervihnattaefirliti samkvæmt 5. gr.

„Tilkynning um staðsetningu“¹⁾

Atriði:	Kóði:	Tegund:	Mesta lengd	Form:	Athugasemdir:
Upphaf skeytis	SR				<i>Kerfisupplýsingar:</i> Gefa til kynna upphaf skeytisins.
Viótakandi	AD	Texti	3	ISO-3166	<i>Skeytaupplýsingar:</i> Viótakandi, „ISL“ fyrir Ísland.
Númer skeytis	SQ	Tala	6	1 - 999999	<i>Skeytaupplýsingar:</i> Raðnúmer skeytisins vegna veiða á viðeigandi svæði á yfirstandandi ári.
Tegund skeytis	TM	Texti	3	Kóði	<i>Skeytaupplýsingar:</i> Tegund skeytis „POS“ sem tilkynning um staðsetningu.
Lengd	LA	Texti	5	NDDMM (WGS-84)	<i>Athafnaupplýsingar:</i> Staðsetning skipsins þegar skeytið er sent.
Breidd	LO	Texti	6	E/WDDMM (WGS-84)	<i>Athafnaupplýsingar:</i> Staðsetning skipsins þegar skeytið er sent.
Dagur	DA	Tala	8	ÁÁÁÁMMDD	<i>Skeytaupplýsingar:</i> Dagsetning sendingar.
Tími	TI	Tala	4	KKMM	<i>Skeytaupplýsingar:</i> Tími sendingar.
Endir skeytis	ER				<i>Kerfisupplýsingar:</i> Gefa til kynna endi skeytisins.

¹⁾ Þetta skeyti skal senda við eftirfarandi aðstæður:

- Ef búnaður til sjálfvirkra stöðutilkynninga bílar.
- Um leið og skip fer yfir lögsögumörk við komu inn á svæðið eftir að hafa sent komutilkynningu.
- Um leið og skip fer yfir lögsögumörk við brottför af svæðinu eftir að hafa sent lokatilkynningu.